

FUNDARBOÐ

**3632. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 31.
maí 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2304653 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2022 og fyrirtækja hans, síðari umræða

7. liður úr fundargerð bæjarstjórnar 10. maí sl.

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 4. maí sl.

Lagt fram. Guðmundur Sverrisson mætir til fundarins Bæjarráð staðfestir að ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn. Vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Til máls taka Valdimar Víðisson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Ingi Hákonarson.

Bæjarstjórn vísar fyrirbyggjandi ársreikningi til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Guðmundur Árni Stefánsson kemur að svohljóðandi bókun: Ljóst er að fjárhagsstaða Hafnarfjarðarbæjar er áhyggjuefni. Skuldir aukast, þrátt fyrir verulega tekjuaukningu bæjarins milli ára. Eins skiptis lóðasala fram í tímann vegur þungt í viðbótartekjum bæjarins, en gatnagerðarkostnaður og innviðakostnaður (skólar, leikskólar og fleira) er ýtt inn í framtíðina. Framkvæmdir eru á sama tíma í lágmarki, en fyrirséð er mikil skuldbindandi framkvæmdaþörf á næstu árum, sem hleypur á milljörðum króna, Haukahús, Sörlahús, grunnskóli og leikskóli í Hamranesi, svo fátt eitt sé talið. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu á milli umræðna, fyrir síðari fund og afgreiðslu ársreiknings, leita upplýsinga um einstaka þætti ársreikningsins. Ljóst er að fjárhagsstaða Hafnarfjarðarbæjar er á fara viðkvæmu stigi og lausatök meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í þeim efnum blasa við.

Valdimar Víðsson kemur að svohljóðandi bókun:

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun: Ársreikningur fyrir árið 2022 sýnir að fjárhagur bæjarins er að verða traustari þrátt fyrir krefjandi efnahagsumverfi. Rekstrarafgangur fyrir A og B hluta nam 872 milljónum króna árið 2022. Niðurstaðan er ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 1.749 milljónum króna sem svarar til 4,1% af heildartekjum. Skuldaviðmið heldur áfram að lækka og nam 85% í árslok 2022. Greiddar voru niður skuldir sem námu rúmlega milljarði umfram lántökur.

Vísað til bæjarstjórnar

29.05.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri